

495. fundur stjórnar Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. (Kölku sf. sorpeyðingarstöðvar.) haldinn fimmtudaginn 6. september 2018 kl. 16:30 í fundarsal Kölku að Berghólabraut 7 í Reykjanesbæ. Mætt eru: Ásrún Helga Kristinsdóttir, Inga Rut Hlöðversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson, Önundur Jónasson og Jón Norðfjörð framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Framkvæmdastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum
2. Kosning fulltrúa í viðræðunefnd við SORPU bs.
3. Fundargerð aðalfundar lögð fram
4. Sjö mánaða rekstraryfirlit lagt fram
5. Kynning á starfsemi félagsins
6. Önnur mál

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Samkvæmt 6. grein samþykkt félagsins skal stjórn skipta með sér verkum eftir hvern aðalfund. Fram komu tillögur um Ingu Rut og Önund til formanns stjórnar. Atkvæði féllu þannig að Inga Rut fékk þrjú atkvæði Grindavíkur, Voga og Sameinaðs sveitarfélags Garðs og Sandgerðis. Tveir fulltrúar Reykjanesbæjar greiddu atkvæði á móti.

Formaður tók við fundarstjórn.

Tillaga um varaformann. Lagt til að Laufey verði varaformaður og var hún sjálfkjörin.

Tillaga um ritara. Tillaga um að Páll Orri verði ritari og var hann sjálfkjörinn.

2. Kosning fulltrúa í viðræðunefnd við SORPU bs.

Tillaga um að Inga Rut og Önundur ásamt framkvæmdastjóra skipi viðræðunefnd við SORPU bs. vegna viðræðna um mögulega sameiningu félaganna.

3. Fundargerð aðalfundar lögð fram

Fundargerð aðalfundar 2018 lögð fram og verður send til stjórnarmanna í tölvupósti.

4. Sjö mánaða rekstraryfirlit lagt fram

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar rekstraryfirlit úr bókhaldi fyrirtækisins fyrstu sjö mánuði ársins. Farið var yfir rekstraryfirlitið og fram komu spurningar sem framkvæmdastjóri svaraði.

5. Kynning á starfsemi félagsins


Framkvæmdastjóri og rekstrarstjóri brennslu kynntu nýjum stjórnarmönnum það helsta sem er að gerast í starfsemi félagsins meðal annars með glærुकynningu.

6. Önnur mál


1. Framkvæmdastjóri upplýsti að enn hefur ekki borist svar frá Reykjaneshöfn vegna umsóknar félagsins um lóð fyrir brennslustöð í Helguvík.
2. Næsti stjórnarfundur er áætlaður 4. október 2018.

J-N
IRH
1
POP


Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:50




Ásrún Helga Kristinsdóttir




Laufey Erlendsdóttir




Önundur Jónasson



Inga Rut Hlöðversdóttir



Páll Orri Pálsson



Jón Norðfjörð